

Kirkjuþing 2020-2021.

37. mál-þskj. 63

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021)

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Vesturlandsprófastsdæmi:

- a) Gilsbakka- og Reykholtssóknir í Reykholtsprestakalli, sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Reykholtssókn.
- b) Dagverðarness- og Staðarfellssóknir í Dalaprestakalli, sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Staðarfellssókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 30. nóvember 2020.

Greinargerð.

a. Varðandi sameiningu Gilsbakka- og Reykholtssókna í Reykholtsprestakalli. Formenn sóknarnefnda í Gilsbakkasókn annars vegar og Reykholtssókn hins vegar hafa farið þess á leið við biskup Íslands að lagt verði fyrir kirkjuþing nú í nóvember beiðni þeirra um sameiningu þessara sókna. Með þessari ósk þeirra fylgdu í viðhengjum, kaflar úr aðalfundargerðum sóknanna svo og fundargerð frá sameiginlegum fundi sóknarnefnda þessara sókna sem er fylgiskjal með málinu.

b. Varðandi sameiningu Dagverðarness- og Staðarfellssókna í Dalaprestakalli: Á héraðsfundi 2018 var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Héraðsfundur Vesturlandsprófastsdæmis haldinn að Hótel Glym, þann 29. apríl 2018 samþykkir fyrir sitt leyti sameiningu Staðarfells- og Dagverðarnessókna í Dölum. Vísað er til samþykktar aðalsafnaðarfundar í Staðarfellssókn frá 26. apríl sl.

enda verði haft samráð við fulltrúa Dagverðarnesssóknar. Tillagan var samþykkt samhljóða.“

Nú er formaður Dagverðarnesssóknar fallin frá. Í sókninni eiga tveir einstaklingar skráð lögheimili en hvorugur hefur þar búsetu. Prófastur hefur rætt við viðkomandi og hvorugt þeirra hefur hug á að Dagverðarnesssókn verði áfram sjálfstæð sókn, enda í raun mannauð.

Í bréfi prófasts Vesturlandsprófastsdæmis til biskupafundar, dags. 6. október 2020, varðandi ósk um sameiningu Gilsbakka- og Reykholtssókna annars vegar og Dagverðarness- og Staðarfellssókna hins vegar, kemur fram að á aðalsafnaðarfundum sóknanna fyrr á þessu ári hafi verið samþykkt að óska eftir sameiningu þeirra. Sú ósk var áréttuð á fundi sóknarnefnda sem var haldinn 5. október síðastliðinn.

Biskupafundur fjallaði um málið á fundi sínum 2. nóvember sl. Þar var eftirfarandi bókað:

Varðandi sameiningu sókna í Dölunum.

„Gögn lágu fyrir fundinum varðandi sameiningu Dagverðarnesssóknar og Staðarfellssóknar. Þrátt fyrir að héraðsfundur hafi ekki farið fram í Vesturlandsprófastsdæmi, vegna heimsfaraldursins, hefur málið verið kynnt bréfleiðis og engar mótbárur borist.“

Varðandi sameiningu sókna í Borgarfirði.

„Gögn lágu fyrir fundinum varðandi sameiningu Gilsbakkasóknar og Reykholtssóknar. Biskupafundur samþykkti að bætt yrði við, að heiti hinnar nýju sóknar, yrði Reykholtssókn.“

Eins og fram hefur komið var ekki unnt að halda héraðsfund vegna sóttvarnarreglna. Í stað þess gerði prófastur, með samþykki forseta kirkjupings, könnun bréflaga á afstöðu þeirra sem sæti eiga á héraðsfundi, til sameininga ofangreindra sókna. Slík könnun jafngildir ekki samþykkt héraðsfundar, en var það eina sem hægt var að grípa til við þessar aðstæður. Í könnun þessari kemur fram að allir hlutaðeigandi voru samþykkir sameiningu sóknanna.

Könnunin er fylgiskjal með málinu.